

Kjör aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands.

Úr lögum um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

IV. kafli. Fulltrúaráð. Fundir. Stjórn.

■ **9. gr.** Fulltrúaráð eignarhaldsfélagsins er skipað fulltrúum sveitarfélaganna í landinu eftir nánari ákvæðum þessara laga. Fulltrúaráðið hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

□ Ári eftir reglulegar sveitarstjórnarkosningar skulu kaupstaðir og héraðsnefndir, sem fulltrúa eiga í fulltrúaráði félagsins, tilnefna einn mann og annan til vara í fulltrúaráðið.

Atkvæðisréttur og kjörgengi manns á fundi í héraðsnefnd við tilnefningu í fulltrúaráð er háð því að sveitarfélag það, sem hann er fulltrúi fyrir, hafi haft samning um brunatryggingar fasteigna hjá Brunabótafélagi Íslands er lög þessi tóku gildi og hafi ekki sagt þeim samningi upp síðar.

■ **10. gr.** Aðalfund fulltrúaráðsins skal kalla saman fjórða hvert ár, næsta ár á eftir reglulegum sveitarstjórnarkosningum, og er kjörtímabil fulltrúaráðsmanna milli aðalfunda. Á aðalfundi skal kjósa félaginu stjórn og varastjórn og er kjörtímabil stjórnarmanna einnig milli aðalfunda. Fulltrúaráðið skal kalla saman til aukafunda hvenær sem stjórn félagsins ákveður og ætíð ef eigi færri en $\frac{1}{10}$ fulltrúaráðsmanna óskar þess.

■ **11. gr.** Á aðalfundi fulltrúaráðsins skal kjósa sjö manna stjórn og fimm til vara, alla úr hópi fulltrúaráðsmanna. Stjórnarmenn skipta sjálfir með sér verkum. Stjórn félagsins afgreiðir ársreikninga félagsins fyrir lok júnímánaðar ár hvert, hefur umsjón með sjóðum og öðrum eignum og gætir hagsmuna félagsins í hvívetna.

■ **12. gr.** Skuldbindingar stjórnarinnar eru bindandi fyrir félagið í heild ef þær eru undirritaðar af formanni eða varaformanni í forföllum hans og þremur stjórnarmönnum.

■ **13. gr.** Stjórnin ræður félaginu forstjóra sem stjórnar daglegum rekstri félagsins og fjármálum í umboði stjórnar samkvæmt nánari ákvæðum í starfssamningi sem stjórnin gerir við hann. Stjórnin ákveður forstjóra laun og önnur starfskjör.

■ **14. gr.** Fulltrúaráð skal setja félaginu samþykktir sem taki til innri málefna félagsins, svo sem um boðun funda og lögmæti þeirra, fundarsköp og dagskrár funda, afgreiðslu mála, framlagningu ársreikninga og endurskoðun þeirra. Jafnframt skulu samþykktirnar hafa að geyma nánari útfærslu á ákvæðum þessara laga. Samþykktum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi fulltrúaráðs enda hafi $\frac{3}{4}$ fundarmanna samþykkt breytinguna.